

- 50** 4. Ef blandað aldinmauk er ekki auðkennt með báðum eða öllum aldirtegundunum, sem í það
20. júlí voru notaðar.
5. Ef ranglega er bent til ákveðins uppruna eða sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
6. Þegar umbúðir, einkennismiðar eða auglýsingar eru notaðar til að gefa í skyn ranga eiginleika aldinsultu eða aldinmauks, sérstaklega ef á einkennismiða hratmauks eða aldinmauks úr þurrkuðum aldinum eru myndir af nýjum aldinum eða á þau er bent með öðru móti.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

7. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn, eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,50 fyrir hver 100 kg eða brot úr 100 kg af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum ríkissjóðs og eftir sömu reglum.

8. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

9. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. október 1936.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.

REGLUGERÐ um aldinsafa og aldinsöft.

I. KAFLI

Skýring hugtaka.

1. gr.

Aldinsafi er vökvi sá, sem pressaður er úr nýjum eða gerjuðum berjum eða ávöxtum einnar tegundar, og er safinn annaðhvort síaður eða ósíaður. Í aldinsafa citrus-tegundanna er oftast lítið eitt af ilm- og bragðefnum barkarins. Aldinsafinn er kenndur við aldirtegund þá, sem hann er unninn úr.

Af aldinsafategundum má sérstaklega nefna kirsiberja-, hindberja-, ribsberja-, jarðarberja-, bláberja-, krækiberja-, epla-, sitrónu-, appelsínusafa.

Um safa, sem unninn er úr leggjum **rabarbarans** (tröllasúrunnar), gilda sömu reglur og um aldinsafa. Þó má hann ekki auðkennast sem aldinsafi. Hann er unninn á sama hátt og segir í 1. málsgrein þessarar greinar.

2. gr.

Aldinsaft er þykkur vökvi, sem soðinn er úr aldinsafa einnar aldirtegundar og hreinum, hvítum neyzlusykri (saccharose). Aldinsaft er stundum búið til án upphitunar úr nýjum aldinum eða aldinsafa og neyzlusykri. Í aldinsaft er ennfremur stundum notað lítið eitt af vínsýru eða

mjólkursýru. Í aldinsafti er í mesta lagi 68% af sykri. Í aldinsöftum citrus-tegundanna er oftast lítið eitt af ilm- og bragðefnum barkarins. Aldinsöft eru kennd við aldintegund þá, sem í þau er notuð.

51

20. júlí

Blandað aldinsaft er búið til úr tveim tegundum aldinsafa á þann hátt, er segir í 1. málsgrein þessarar greinar. Það er kennt við aldintegundirnar, sem í það eru notaðar, og er hlutfallið milli safategundanna í minnsta lagi 40:60.

3. gr.

Litað sykurvatn með kjörnum er búið til úr vatni og hreinum, hvítum neyzlusykri, litlu einu af vinsýru, mjólkursýru eða sítrónusýru, svo og náttúrlegum kjörnum eða gervikjörnum. Upplausnin er lituð með óskaðlegum litum. Í lituðu sykurvatni með kjörnum er að minnsta kosti 60% af sykri, en þó minna en 68%.

Litað sykurvatn með kjörnum má ekki setja í umferð eða hafa á boðstólum í öðrum umbúðum en lokuðum hálf- og heilflöskum, og skulu þær auðkennast með einkennismiða, sem á stendur auk nafns framleiðandans, heimilisfangs hans og innihalds flöskunnar einungis „litað sykurvatn með kjörnum“.

II. KAFLI

Ákvæði til verndar heilbrigði manna.

4. gr.

Sérstaklega er óheimilt:

1. að búa til aldinsafa og aldinsöft á þann hátt, að í þeim sé arsen, blý eða zink eða meira af kopar eða antímóni en minnst getur orðið,
2. að hafa á boðstólum, selja eða láta á annan hátt af hendi þesskonar aldinsafa og aldinsöft.

III. KAFLI

Matsreglur.

5. gr.

Aldinsafar þeir og aldinsöft, er hér greinir, eru sérstaklega metin skemmd og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess:

1. Aldinsafar og aldinsöft, sem eru mygluð eða mjög óhrein eða hafa annarlega eða viðbjóðslega lykt eða bragð.
2. Aldinsafar og aldinsöft, sem framleidd eru úr skemmdum aldinum.
3. Aldinsafar, sem mjög eru teknir að gerjast súrri gerjun, og aldinsöft, sem í er sterk víngerjun eða súr gerjun.
4. Viðbrennd aldinsöft.

6. gr.

Um eftirlíkingu er þá sérstaklega að ræða, þegar vara, sem búin er til eða sett í umferð sem aldinsafi eða aldinsaft eða er lík þeim að útliti, lykt eða bragði, ef hún er að nokkru eða öllu leyti úr aldinleifum, þ. e. aldinum, sem safinn hefir að öllu eða einhverju leyti verið pressaður úr (hrati), eða að nokkru eða öllu leyti úr öðrum efnum en þeim, sem heimiluð eru í þessari reglugerð. Eftirlíkta aldinsafa eða aldinsöft má ekki hafa á boðstólum, þótt auðkennd séu með tilliti til þess, þó að undanteknu lituðu sykurvatni með kjörnum (3. grein).

7. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, eru aldinsafar og aldinsöft metin fölsuð, og má ekki hafa þau í umferð, þótt auðkennd séu með tilliti til þess. Undanteknar eru þó vörur þær, er greinir í 11. tölulið þessarar greinar:

1. Aldinsafar og aldinsöft, sem aldinleifar hafa verið notaðar í.
2. Aldinsafar og aldinsöft, sem vatni hefir verið blandað í. Þó má blanda jafnmiklu vatni í aldinsöft og gufað hefir burt úr þeim við suðuna.
3. Aldinsafar og aldinsöft, sem í hafa verið notuð steinefni.
4. Aldinsafar, sem í hafa verið notuð ilm- og bragðefni. Undantekin eru þó ilm- og bragðefni barkarins í aldinsafa citrus-tegundanna (sbr. 1. gr., 1. málsg.).

51

20. júlí

5. Aldinsafar, sem sýrum hefir verið blandað í.
6. Aldinsafar, sem í hafa verið notuð litarefni eða önnur annarleg efni, einnig þótt það sé aldinsafi annarar tegundar (sbr. þó 2. gr., 2. málsg.).
7. Aldinsafar, sem búnir eru til úr seyði þurrkaðra aldina.
8. Aldinsafar, sem búnir eru til á þann hátt að pressa aldin oftast en einu sinni.
9. Aldinsöft, sem í hafa verið notuð önnur sykurrefni en hreinn, hvítur neyzlusykur.
10. Aldinsöft, sem í hafa verið notuð önnur ilm- og bragðefni en þau, sem burt hurfu við suðuna, enda hafi þau verið höndluð á ný með einþéttunaráhöldum og notuð í sömu vöru. Undantekin þessu ákvæði er þó notkun á ilm- og bragðefnum barkarins í aldinsöft citrus-tegundanna (2. gr., 1. málsg.).
11. Aldinsöft, sem í er meira en 0,3% af vínsýru eða mjólkursýru, ef þau eru ekki auðkennd með orðunum „með vínsýru“ eða „með mjólkursýru“ (sbr. þó ákvæði 12. töluliðs).
12. Aldinsöft, sem í er meira en 1% af vínsýru eða mjólkursýru.
13. Aldinsöft, sem lituð hafa verið, og gildir einu, þótt það sé gert með söfum eða söftum annara aldintegunda eða með jurtasafa (sbr. þó 2. gr., 2. málsg.).
14. Aldinsafar og aldinsöft, sem í hefir verið notaður þykktur (niðursoðinn) aldinsafi.
15. Blandað aldinsaft, sem í eru fleiri en tvær safttegundir.
16. Blandað aldinsaft, ef hlutfallið milli safttegundanna er minna en 40:60.

8. gr.

Sérstaklega þegar svo til hagar, er hér greinir, teljast aldinsafar og aldinsöft **blekkjandi** vegna villandi **auðkenningar, upplýsinga** eða **umbúnaðar**:

1. Vörur með auðkenningu sem aldinsafi eða aldinsaft eða einhverju því nafni, sem myndað er úr þessum orðum, nokkrum hluta þeirra eða orðum með sömu eða tilsvarendi merkingu, enda fullnægi varan ekki þeim skilyrðum, sem aldinsafar og aldinsöft eiga að fullnægja samkvæmt þessari reglugerð.
2. Aldinsafar eða aldinsöft, sem auðkennd eru með einhverju gervinafni, nema þau séu jafnframt auðkennd með réttu tegundarheiti.
3. Ef ranglega er bent til ákveðins uppruna eða sérstaklega vandaðrar framleiðslu.
4. Þegar umbúðir, einkennismiðar eða auglýsingar eru notaðar til að gefa í skyn ranga eiginleika aldinsafa eða aldinsafsa.
5. Aldinsafar eða aldinsöft, sem eru ranglega talin hafa sérstök hollustuáhrif.

IV. KAFLI

Almenn ákvæði.

9. gr.

Til að standast kostnað af eftirliti með þeim vörum, sem undir þessa reglugerð falla, skal fyrst um sinn eða þangað til gefin verður út almenn reglugerð um kostnað af eftirliti með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum greiða gjald af þeim vörutegundum, sem um getur í 1.—3. grein þessarar reglugerðar, kr. 1,50 fyrir hverja 100 lítra eða brot úr 100 lítrum af innflutningi eða framleiðslu. Gjald þetta innheimtist með tolltekjum rikissjóðs og eftir sömu reglum.

10. gr.

Um mál út af brotum á reglugerð þessari og refsingar fyrir þau fer samkvæmt 11. grein laga nr. 24, 1. febrúar 1936, um eftirlit með matvælum og öðrum neyzlu- og nauðsynjavörum.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. október 1936.

Reglugerð þessi er sett samkv. lögum nr. 24, 1. febrúar 1936, og birtist til leiðbeiningar og eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 20. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Friðg. Bjarnarson.